

Kópavogur 4. janúar 2022

Staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa fullorðinna

Ráðgjafar- og greiningarstöð annast framkvæmd Staðlaðs mats á umfangi stuðningsþarfa fullorðinna, Supports Intensity Scale Adult's Version, SIS-A. Staðlaða matskerfið metur með samræmdum og hlutlægum hætti stig og magn þess hagnýta stuðnings sem fatlað fólk þarfnast til að lifa sem eðlilegustu lífi með fullri þátttöku í samfélaginu. Matið sem nær til fólks frá 18 ára aldri metur stuðningsþarfir óháð fötlunargreiningu, í samanburði við aðra, bæði fatlaða og ófatlaða.

Þjónustunotandi sem er þátttakandi í SIS-A mati eða persónulegur talsmaður hans skal upplýstur af þjónustuveitendum um tilgang matsins og fyrirkomulag. Fylla þarf út samþykkisyfirlýsingu og heimild til upplýsingaöflunar áður en matið fer fram.

Matið fer þannig fram að sérfræðingur í SIS-matskerfi kemur í heimabyggð þjónustunotanda og framkvæmir matið þar með viðtali og í einhverjum tilvikum heimsókn til þjónustunotanda. Viðtöl skulu fara fram í húsnæði sveitarfélagsins.

Sérfræðingur í SIS-matskerfi hittir þjónustunotanda og/eða persónulegan talsmann hans ásamt tveimur öðrum þjónustuveitendum sem valdir eru til að veita upplýsingar um stuðningsþarfir. Að minnsta kosti einn starfsmaður þarf að hafa fagmenntun eða vera fulltrúi þeirra sem ber ábyrgð á þjónustu við notanda.


Viðmælendur þurfa að þekkja notandann vel, hafa umgengist hann reglulega. Gerð er krafa um að þessir aðilar hafi jafnframt tekið beinan þátt í daglegum viðfangsefnum viðkomandi a.m.k. undanfarna þrjá mánuði, þekkja til stuðningsþarfa á heimili, í tómstundum og á vinnustað. Einnig að þekkja til lyfjatöku, sjúkdóma og meðferð þeirra.

Lögð er áhersla á að þjónustunotendur séu með í viðtölum þar sem því verður við komið. Ef ekki þá hittir sérfræðingurinn þjónustunotanda á skrifstofu sveitarfélags eða á heimili hans fyrir eða eftir viðtal. Hvert matsviðtal með heimsókn til þjónustunotanda tekur um það bil 2 klukkustundir.

Tengiliður sveitarfélags sér um undirbúning og skipulagningu matsins, kynna fyrir og boða væntanlega viðmælendur, útvega fundarherbergi og sjá til þess að sérfræðingur í SIS-matskerfi fái nauðsynlegar upplýsingar. Sérfræðingur þarf að hafa fundar/vinnuborð.

Niðurstöður eru varðveittar í gagnagrunni Ráðgjafar- og greiningarstöðvar. Ópersónugreinanlegar upplýsingar eru sendar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og eru nýttar til ákvörðunar um fjárframlög til sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðs fólks.

Ítarlegar niðurstöður eru sendar til tengiliðs sveitarfélagsins sem sér um málefni fatlaðs fólks. Hann ber ábyrgð á að kynna þær fyrir þjónustunotanda/talsmanni og öðrum sem sjá um að veita þjónustu. Niðurstöðurnar geta þjónustuveitendur nýtt við gerð einstaklingsáætlunar um stuðning til hagsbóta fyrir þjónustunotanda.



Guðný Stefánsdóttir

Proskabjálfi MA og sviðsstjóri
Staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa